

um fiskveiðaaðstöðu íslenzkra skipa við Grænland.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja íslenzkum fiskiskipum sem bezta útgerðaraðstöðu á Grænlandi.

#### Greinargerð.

Á yfirstandandi ári hófu íslenzkir togarar fiskveiðar við Grænland í allstórum stíl. Veiðin á þessum nýju miðum hefur gefið góða raun, og nú má telja það vist, að á næsta ári leiti íslenzki togarafлотinn aftur á þessi mið.

Reynsla íslenzku togaranna af veiðunum við Grænland er góð. Fiskimiðin eru stór og víða hægt að leita fyrir sér. Fiskmagnið virðist vera mjög mikið, og fiskurinn er góður. Þann tíma, sem íslenzku togararnir stunduðu þessar veiðar í ár, eða ágúst, september og októbermánuð, var tíðarfarið mjög gott og miklum mun betra en hér á heimamiðum. En reynslan af þessum veiðum hefur líka leitt í ljós, að aðstaða Íslendinga til veiða við Grænland er ekki góð hvað eðlileg viðskipti við land snertir.

Héðan að heiman og á Grænlandsmið er löng leið. Skipin eru yfirleitt 3—6 sólarhringa, eftir því, hvar veitt er við Grænland. Veiðiferð á þessi fjarlægju mið er því gerð þannig, að skipin haldi sem lengst úti að mögulegt er vegna olíu og vista. En margt getur komið fyrir í svona veiðiferðum, þannig að leita verður lands. Skip geta orðið fyrir áföllum, skipverjar orðið illa veikir, olía eða vatn eyðt óeðlilega eða vistir reynzt ónógar. Og þá er óhjákvæmilegt að leita til lands. Nú er öll aðstaða í þessu efni hin versta. Langar leiðir getur þurft að fara til þess að hægt sé að fá nauðsynlegt vatn eða að leita megi lækni. Verzlunarviðskipti í þeirri einu höfn, sem heimilt er að leita í, eru vægast sagt erfið, og ýmislegt bráðnauðsynlegt virðist ekki mögulegt að fá.

Aðalkeppinautar okkar í fiskveiðum, Norðmenn og Færeyingar, hafa búið um sig í Færeyingahöfn. Þangað leita þeirra skip og geta bæði losað þar farma og fengið þar vistir. Íslendingar eiga þarna engan fyrir, og aðstaða þeirra er hin versta.

Fari svo, sem margt bendir til, að mikill hluti íslenzka togarafлотans stundi veiðar á Grænlandsmiðum næsta sumar og haust, þá verða þar sennilega um 40 skip með um 40 mönnum hvert, eða 1600 Íslendingar. Þetta er æði mikill hópur og ekki sæmandi að láta aðstöðu þeirra vera á þá lund, sem hún er nú.

Það væri á margan hátt eðlilegt, að Íslendingar sendu stór fiskflutningaskip til Grænlands, sem tækju þar saltfisk af togarafлотanum og færðu skipunum jafnframt salt og vistir, svo að hægt væri að komast hjá því, að veiðiskipin séu að flytja fiskinn úr hverri ferð til útlanda. Á þann hátt gætu þau haldið sér að veiðunum og og aflað meira. En til þess að slíkt sé mögulegt, þarf að tryggja Íslendingum rétt til þessa atvinnurekstrar í höfn á Grænlandi.

Hér hefur einvörðungu verið rætt um veiðar togara við Grænland. En það er vitað, að einnig er mikill og vaxandi áhugi bátaútvegsmanna fyrir fiskveiðum við Grænland. En þar til tekizt hefur að skapa sæmilega góða útgerðaraðstöðu fyrir íslenzk skip í höfn á Grænlandi, getur varla orðið úr veiði báta þaðan, en togarafлотinn mun leita þangað, jafnvel þótt engin aðstaða til bóta fáist frá því, sem nú er.

Mér er það ljóst, að það kann að vera ýmsum örðugleikum bundið að tryggja Íslendingum góða útgerðaraðstöðu á Grænlandi. Margir Íslendingar eru þeirrar skoðunar, að okkur en ekki Dönnum beri eðlilegur yfirráðaréttur yfir Grænlandi. Ríkisstjórnin hefur þó hlið þessara mála til athugunar, en hér er um að ræða þá eðlilegu sanngirniskröfu Íslendinga að fá sæmilega frjálsa aðstöðu til þess að athafna sig í grænlenzkum höfnum og eiga þar venjuleg viðskipti, og svo þess, að njóta sambærilegrar aðstöðu og Norðmenn t. d. njóta í Færeyingahöfn.

Það er skoðun mín, að ríkisstjórnin eigi að taka þetta mál til skjótrar athugunar, og mætti þá kannske takast að gera aðstöðu okkar betri á þessum þýðingarmiklu, nýju fiskimiðum.